

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Vaxtaákvörðun

Stefnuyfirlýsing peningastefnunefndar



Kynningarfundur

22. maí 2019



Peningamál 2019/2

Alþjóðleg efnahagsmál, ytri skilyrði og gengi krónunnar



Alþjóðlegar
hagvaxtar-
horfur versna



Aukin óvissa í
alþjóðlegum
efnahagsmálum



Snarpur
viðsnúningur í
ferðaþjónustu



Loðnubrestur
og hægari
vöxtur útfluttra
sjávarafurða




Gengi ISK
tiltölulega
stöðugt eftir
lækkun sl. haust


Útflutningur dregst saman í fyrsta sinn síðan 2006

- Veruleg breyting á horfum í ferðapjónustu – gert ráð fyrir 10½% fækkun ferðamanna í ár (2½% í PM 2019/1)
- Við bætist loðnubrestur og almennt lakari horfur í útflutningi sjávarafurða sem dregst saman um 5,5% í ár (1,5% í PM 2019/1)
- Útflutningur alls dregst því saman um 3,7% í ár (+0,3% í PM 2019/1) – í fyrsta skipti sem útflutningur dregst saman síðan 2006


Vísbendingar um umsvif í ferðapjónustu¹
1. ársfj. 2013 - 1. ársfj. 2019



Útflutningsverðmæti loðnuveiða 2005-2021²



Útflutningur og framlag undirliða 2012-2021³




1. Útflutt ferðalög eru á föstu verðlagi og kortavelta á hvern ferðamanna (án farþegaflutninga og opinberra gjalda) í erlendum gjaldmiðlum (m.v. gengisvísitölu). Fjöldi ferðamanna út frá brottförum erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll. Leitarniðurstöður út frá þáttalíkani sem tekur saman tíðni fimm ólíkra leitarniðurstaðna sem tengjast ferðalögum til Íslands samkvæmt Google-leitarvélinni (árstíðarleiðrétt, tveggja ársfjórðunga hreyfanlegt meðaltal). 2. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. 3. Áútflutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. Ferðapjónusta er samtala á „ferðalögum“ og „farþegaflutningum með flugi“. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/1. Heimildir: Ferðamálastofa, Google Trends, Hagstofa Íslands, Isavia, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Seðlabanki Íslands.


Horfur á lakari viðskiptakjörum og lægra gengi ISK

- Viðskiptakjör tóku að rýrna um mitt ár 2017 eftir samfelldan bata frá 2014 og nam rýrnun þeirra 3,9% í fyrra ...
- ... verð olíu og súrálshækkaði um 30% en á móti vó ágæt hækkun helstu útflutningsafurða
- ISK hefur verið tiltölulega stöðug eftir lækkun sl. haust ... horfur á lægra gengi: ytri áföll og lægra jafnvægisraungengi

Viðskiptakjör 2012-2021¹



Gengi krónunnar 2012-2021²



1. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/1. 2. Þröng viðskiptavog. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/1.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Innlendur þjóðarbúskapur



Dregur hratt
úr vexti
einkaneyslu



Atvinnuvega-
fjárfesting tekin
að dragast
saman



Hagvaxtar-
horfur breytast
mikið og spáð
samdrætti í ár



Horfur á
fækkun starfa
og að atvinnu-
leysi aukist



Spenna snýst í
slaka síðar á
þessu ári




Verðbólga yfir
markmiði en
komin í það um
mitt næsta ár

Kröftugur hagvöxtur 2018 en dró úr vextinum á H2


- Meiri hagvöxtur á Q4 en var spáð en hægari vöxtur á H2 (3,2%) en á H1 (6,2%)
- Hagvöxtur á árinu öllu endaði í 4,6% – heldur meira en spáð var í febrúar: Þjóðarútgjöld þróuðust eins og spáð var en framlag utanríkisviðskipta var hagstæðara

Hagvöxtur og framlag undirliða¹

1. ársfj. 2015 - 4. ársfj. 2018



Þjóðhagsreikningar 2018




1. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn hagvextinum.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Hægir hratt á vexti innlendra eftirspurnar

- Dró úr vexti einkaneyslu er leið á síðasta ár og horfur á einungis 1,6% vexti í ár – sá minnsti síðan 2013 ... en horfur fyrir næstu tvö ár breytast lítið – að nokkru leyti vegna áhrifa örvunaraðgerða stjórnvalda
- Hægt hefur á vexti fjárfestingar og spáð 0,6% samdrætti í ár ... mikil breyting frá PM 2019/1 – breyttar forsendur um flugvélar

Einkaneysla 2012-2021¹



Fjármunamyndun og framlag helstu undirliða 2012-2021²




1. „Annað“ er starfsemi samtaka og útgjöld Íslendinga erlendis umfram útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/1. 2. Almenn atvinnuvegafjárfesting er atvinnuvegafjárfesting án fjárfestingar í orkufrekum iðnaði og í skipum og flugvélum. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/1.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Hagvaxtarhorfur breytast og samdrætti spáð í ár

- Talið að hægt hafi enn frekar á hagvexti á Q1 og að samdráttur sé á Q2 – á árinu öllu verði því 0,4% samdráttur
- Mikil breyting frá PM 2019/1 en þá var gert ráð fyrir 1,8% hagvexti: verri horfur í ferðaþjónustu skýra langstærstan hluta endurskoðunarinnar en til viðbótar koma áhrif loðnubrests, lakari alþjóðahorfa og hægari vaxtar útgjalda hins opinbera

Hagvöxtur og framlag undirliða 2012-2021¹



Endurskoðun hagvaxtarspár *Peningamála*²




1. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/1. 2. Breyting á hagvaxtarspá milli PM 2019/1 og 2019/2. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Störfum fækkar og atvinnuleysi eykst

- Skv. VMK fjölgaði heildarvinnustundum um 1,8% á Q1 – þar af fjölgaði störfum um 2,6% (en 1,1% skv. staðgreiðsluskrá)
- Atvinnuleysi var 3% á Q1 skv. VMK og jókst um 0,4 pr. frá Q4/2018 – áhrifa falls WOW Air sjást betur í skráðu atvinnuleysi sem jókst í 3,5% í apríl ... horfur á að störfum fækki fram eftir ári og atvinnuleysi aukist enn frekar


Fjöldi starfandi fólks¹

1. ársfj. 2006 - 1. ársfj. 2019



Atvinnuleysi²

1. ársfj. 2006 - 2. ársfj. 2019




1. Fjöldi starfandi fólks skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) eru ársfjórðungsleg meðaltöl mánaðarlegra gagna. Fjöldi starfandi fólks skv. staðgreiðsluskrá byggist á gögnum um 16-74 ára einstaklinga sem höfðu einhverjar tekjur af atvinnu sem gert er grein fyrir í uppgjöri ríkisskattstjóra um staðgreidda skatta, þ.á m. þeir sem voru í fæðingarorlofi frá vinnu og þeir sem eru með reiknað endurgjald. Fjöldi skv. staðgreiðsluskrá á 1. ársfj. 2019 er áætlun Seðlabankans. 2. Árstíðarleiddar tölur skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) og skráð atvinnuleysi skv. Vinnumálastofnun. Skráð atvinnuleysi er árstíðarleidd af Seðlabankanum og sýnir punkturinn gildi fyrir 2. ársfj. 2019 miðað við mælingu fyrir aprílmánuð.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.


Spenna snýst í slaka í lok árs

- Greinileg merki um að hratt dragi úr spennu í þjóðarbúinu og hafa horfur gjörbreyst frá fyrri spá: talið að atvinnuleysi hafi aukist töluvert á Q2 og að störfum fækki fram eftir ári: atvinnuleysi verður því 3,9% í ár – tæplega 1 pr. meira en spáð í febrúar
- Framleiðsluspennan minnkar hratt og snýst í slaka í lok árs ... sem hverfur undir lok næsta árs


Nýting framleiðslupátta¹
1. ársfj. 2006 - 1. ársfj. 2019



NF-vísitalan²
1. ársfj. 2006 - 1. ársfj. 2019



Atvinnuleysi og framleiðsluspenna 2012-2021³



1. Mælikvarðar á nýtingu framleiðslupátta eru úr viðhorfskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Árstíðarleiddar tölur. Brotalínur sýna meðalhutföll tímabilsins. 2. NF-vísitalan er fyrsti frumpáttur valinna vísbendinga um nýtingu framleiðslupátta sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Ítarlegri lýsingu má finna í rammagrein 3 í PM 2018/2. 3. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. Brotalínur sýna spá frá PM 2019/1.


Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mæld og undirliggjandi verðbólga yfir markmiði

- Verðbólga jókst fram eftir síðasta ári og náði hámarki í 3,7% í desember sl., minnkaði í byrjun þessa árs en jókst aftur í 3,3% apríl
- Verðbólga án húsnæðis hefur einnig aukist nokkuð og er litlu minni en verðbólga með húsnæði
- Undirliggjandi verðbólga hefur einnig aukist og fylgt mældri verðbólgu náíð – verðbólga undanfarið virðist því almenns eðlis


Verðbólga á ýmsa mælikvarða

Janúar 2013 - apríl 2019



Mæld og undirliggjandi verðbólga¹

Janúar 2013 - apríl 2019




1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruháðra, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV).

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Meiri hækkun launakostnaðar en áður var áætlað

- Kjarasamningar gera ráð fyrir svipaðri hækkun launa í ár og var spáð í PM 2019/1 en meiri hækkunum á næstu 2 árum ...
- ... en á móti vegur endurskoðun á launahækkunum 2017-18 og því er hækkun launa 2017-21 svipuð og áætlað var í febrúar
- Hægari framleiðnivöxtur þýðir hins vegar að launakostnaður á framleidda einingu hækkar um 1½ pr. meira á ári en áður spáð

Árleg meðalhækkun launa á vinnustund




Launakostnaður á framleidda einingu og framlag undirliða 2012-2021¹



1. Framleiðniaukning kemur fram sem neikvætt framlag til hækkunar á launakostnaði á framleidda einingu. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/1. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguvæntingar lækka á ný ...

- Skammtímaverðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja hafa ekki breyst en væntingar á markaði hafa lækkað ...
- ... langtímavæntingar á markaði hafa einnig lækkað og færst nær verðbólguþolmiðinu
- Þær hafa hins vegar hækkað hjá heimilum og fyrirtækjum en sú könnun er gerð áður en niðurstaða kjarasamninga lá fyrir



1. Talan fyrir verðbólguálag á 2. ársfj. 2019 er meðaltal daglegra gilda frá 1. apríl til 17. maí 2019.


Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

... og horfur á minni verðbólgu en spáð var í febrúar

- Verðbólga var 3,1% á Q1 (spáð 3,4%) og eykst áfram fram eftir ári: nær hámarki í 3,4% um mitt ár en fer síðan minnkandi aftur
- Horfur á minni verðbólgu en í febrúarspánni á öllum spátímanum og hætta á að verðbólgu sé vanspáð hefur minnkað ...
- ... mikill viðsnúningur í þjóðarbúskapnum vegur þyngst en á móti vegur meiri hækkun launakostnaðar og innflutningsverðs


Verðbólga¹

1. ársfj. 2013 - 2. ársfj. 2022



Verðbólguþáttur og óvissumat

1. ársfj. 2013 - 2. ársfj. 2022



1. Grunnspá Seðlabankans 2. ársfj. 2019 - 2. ársfj. 2022. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/1.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.




Frávíkisdæmi

Brexit án samnings og meiri samdráttur í ferðapjónustu


Fráviksdæmi: Brexit án samnings

- Enn töluverð óvissa um hvernig Brexit verður háttað: flestar greiningar gera ráð fyrir að Brexit án samnings muni hafa alvarleg áhrif á breskan efnahag og það muni smitast yfir á evrusvæðið ... sem myndi hafa áhrif á útflutning og hagvöxt hér á landi
- Minni alþjóðleg eftirspurn, hækkun raungengis og aukin óvissa draga úr útflutningi og minnka hagvöxt um 0,3 pr. 2020

Áhrif útgöngu Bretlands úr ESB án samnings á landsframleiðslu¹



Fráviksdæmi: Útganga Bretlands úr ESB án samnings²




1. Áhrif útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu án samnings á VLF í Bretlandi, á evrusvæðinu og í helstu viðskiptalöndum Íslands í samanburði við grunddæmi þar sem Bretlandi gengur úr sambandinu en meginhluta núverandi sambands er viðhaldið næstu ár. Myndin sýnir uppsöfnuð áhrif á VLF 2019-2022. 2. Áhrif útgöngu Bretlands úr ESB án samnings á íslenskan þjóðarbúskap.

Heimildir: NIESR, Seðlabanki Íslands.


Fráviksdæmi: Meiri samdráttur í ferðapjónustu

- Samkvæmt grunnspá verður samdráttur í ferðapjónustu tiltölulega skammvinnur þótt vöxtur næstu ára verði minni en fyrri ár
- Ekki útilokað að samdrátturinn í ár verði meiri og bati næstu ára verði hægari (t.d. hátt raungengi, Max-þotur, orðsporstag)
- Útflutningur dregst meira saman, tekjur verða lægri og samdrátturinn í ár verður meiri og hagvöxtur á næstu 2 árum minni

Umsvif í ferðapjónustu 2010-2021¹



Fráviksdæmi: Meiri samdráttur í ferðapjónustu²



1. Grunnspá Seðlabankans 2019-2021. Ljósar súlur og brotin lína sýna fráviksdæmi með hægari bata í ferðapjónustu. Myndin sýnir einnig hlutdeild Íslendinga í útfluttum ferðalögum og farþegaflutningum með flugi (mælt í Bandaríkjadollurum) meðal þróaðra Evrópuríkja. 2. Áhrif meiri samdráttar í ferðapjónustu á íslenskan þjóðarbúskap.
 Heimildir: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Isavia, Sameinuðu þjóðirnar (UNCTAD), Seðlabanki Íslands.

Peningamál í hnotskurn



Alþjóðlegar
hagvaxtar-
horfur versna
og óvissa eykst



Snarpur
viðsnúningur í
ferðaþjónustu



Loðnubrestur
og hægari
vöxtur útfluttra
sjávarafurða



Hagvaxtar-
horfur breytast
mikið og spáð
samdrætti í ár



Horfur á
fækkun starfa
og að atvinnu-
leysi aukist



Verðbólga yfir
markmiði en
komin í það um
mitt næsta ár



Ritið í heild



Kynning aðalhogfræðings



Power Point myndir



Myndagögn



Tóst



Skýringarmyndband bankastjóra